

***Innflutningur bifreiða**

***Frávísun**

Úrskurður 4/1998

Í máli þessu endurákvörðaði tollstjóri aðflutningsgjöld af 22 vörusendingum. Kærandi skaut málinu til ríkistollanefndar. Ríkistollanefnd vísaði málinu frá þar sem kærufrestur var liðinn.

Lög 55/1987 35. gr., 99. gr., 100. gr., 101. gr., 142. gr.

Með bréfi, dags. 10. ágúst s.l., sem barst nefndinni 11. s.m. framsendir ríkistollstjóri kæru A f.h. B vegna endurákvörðunar tollstjórans í R á aðflutningsgjöldum af 22 vörusendingum. Í bréfi ríkistollstjóra segir: „Að sögn lögmannsins mun nafn móttakanda kærunnar hafa misritast og hún átt að berast ríkistollanefnd.“

Í gögnum sem fylgdu bréfi ríkistollstjóra kemur fram að lögmaðurinn sendi ríkistollstjóra kæru með bréfi, dags. 8. júlí s.l. Þar kærir hann nefnda endurákvörðun og krefst þess að hún verði felld úr gildi. Jafnframt tekur kærandi fram að hann muni senda ítarlegri rökstuðning jafnskjótt og honum takist að afla gagna úr lögreglurannsóknum. Þá fer hann fram á það við ríkistollstjóra að hann fái, til að byrja með, frest í tvo mánuði til að skila inn frekari gögnum og rökstuðningi.

Í hinni kærðu endurákvörðun tollstjórans í R kemur m.a. fram að við athugun á innflutningi 22 vörusendinga fyrirtækisins B frá Danmörku, hafi komið í ljós að með aðflutningsskýrslum vegna þeirra hafi verið lagðir fram falsaðir vörureikningar sem sýndu mun lægra innkaupsverð varanna en raunverulega var greitt fyrir þær. Heildarupphæð vangreiddra aðflutningsgjalda samkvæmt endurákvörðuninni nemur 21.601.271 kr.

Til svars erindinu tekur ríkistollanefnd fram að í 101. gr. tollalaga er fjallað um það hvaða skilyrði mál þarf að uppfylla til að ríkistollanefnd taki það til efnislegrar meðferðar. Þar segir: „Innflytjandi getur skotið endurákvörðun ríkistollstjóra skv. 35. gr., úrskurði tollstjóra skv. 100. gr. og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan 60 daga, talið frá póstlagningu úrskurðar eða ákvörðunar.“ Ríkistollanefnd hefur jafnframt úrskurðað að endurákvörðun tollstjóra samkvæmt 99. gr. tollalaga falli hér undir, sbr. úrskurð nr. 10/1997.

Það er ljóst að 60 daga frestur sem innflytjandi hafði til að skjóta máli sínu til nefndarinnar var liðinn er nefndarmönnum barst erindið í hendur. Af þeim ástæðum er máli þessu vísað frá.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum er máli þessu vísað frá.